

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. maí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

30. apríl 1992

Nr. 163

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík- Norðfjörður-Reykjavík.

Samgönguráðuneytið hefur, með heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og reglugerð nr. 641/1991 um flutningaflug með síðari breytingum, veitt Íslandsflugi hf. sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á flugleiðinni:

Reykjavík-Norðfjörður-Reykjavík.

Sérleyfi Íslandsflugs hf. til áætlunarferða milli Reykjavíkur og Norðfjarðar gildir frá og með 18. maí 1992 til og með 31. desember 1997.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

5. maí 1992

Nr. 164

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 134 21. apríl 1992, um humarveiðar.

1.gr.

Í stað „2065“ í 1.gr. reglugerðarinnar komi: 2100.

2.gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 5. maí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Arni Kolbeinsson.